

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra, á Skagaströnd,
miðvikudaginn 20. október 2010, kl. 13.00**

Mætt voru: Bjarni Jónsson, Björg Baldursdóttir, Guðný Kjartansdóttir, Ragnar Smári Helgason, Þóra Sverrisdóttir og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Kjör formanns

Á ársþingi SSNV, 27. ágúst sl., var kjörið í nýtt menningarráð til tveggja ára. Samkvæmt samþykktum ráðsins kys ráðið sér sjálft formann. Formaður ráðsins var kjörinn Björg Baldursdóttir.

2. Úthlutun verkefnastyrkja

Fyrir fundinum lágu 82 umsóknir þar sem sótt var um rúmar 56 milljónir. Samþykkt var að veita styrki til 51 aðila, alls að upphæð 17.500.000 kr.

3. Úthlutunarhátíð

Samþykkt að úthlutun verkefnastyrkja fari fram fimmtudaginn 28. október, kl. 17.00, í Hótel Varmahlíð.

4. Framhald menningarsamninga

Borist hafði bréf frá Karitas H. Gunnarsdóttur mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem óskað var eftir tillögum menningarráða, samtaka sveitarfélaga og menningarfulltrúa landshlutanna til breytinga á áherslum og ákvæðum núverandi menningarsamnings vegna undirbúnings að gerð nýs menningarsamnings. Fyrir fundinum lágu samþykktir stjórnar SSNV og menningarfulltrúa landshlutanna. Nokkrar umræður urðu um málið en afgreiðslu síðan frestað.

5. Önnur mál

- Ingibergur kynnti stutta greinargerð um starfsemi ráðsins, frá 1. jan. til 30. ágúst 2010, sem send var ráðuneytum menningar og iðnaðar, í samræmi við menningarsamning 2010.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18.45.

Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.